

Sigrún Guðmundsdóttir

Subject: FW: Rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis og möguleg starfsleyfisskylda

One: -1

From: Hlín Gísladóttir - UOS <hlín.gisladottir@uos.is>
Sent: þriðjudagur, 4. febrúar 2025 12:31
To: Stella Hrönn Jóhannsdóttir <stella@hsl.is>
Cc: María Guðmundsdóttir - UOS <maria.gudmundsdottir@uos.is>
Subject: RE: Rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis og möguleg starfsleyfisskylda

Sæl,

Um er að ræða tvö mál sem bárust Orkustofnun í desember 2024:

OS2024120061 Óskað eftir áliti Orkustofnunar: rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis og möguleg starfsleyfisskylda (boranir í Meitlum í Ölfusi).

OS2024120075 Fyrirspurn varðandi rannsóknarborun á Hafnarsandi - umsókn um tímabundið starfsleyfi við jarðborun.

Spurt er hvort um sé að ræða rannsókn eða rekstur í tilfelli þessara borana og þá hvort þær séu starfsleyfisskyldar.

Samkvæmt viðauka IV við lög nr. 7/1998 fellur jarðborun undir starfsemi sem heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir.

Umhverfis- og orkustofnun, og áður Orkustofnun, gefur út rannsóknarleyfi fyrir leit og rannsókn að auðlindum sbr. III. kafla laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu (auðlindalög). Eins og kemur fram í lögnum fela slík leyfi í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögnum og Orkustofnun telur nauðsynlega.

Í 3. mgr. 1. gr. auðlindalaga kemur fram að um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulagslög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

Rannsóknarleyfi eru ekki leyfi til jarðborana, eins og er yfirleitt sérstaklega tekið fram í þeim og er vísað til málsmeðferðar hjá Skipulagsstofnun, heilbrigðisnefndum og sveitarfélögum. Slík leyfi taka ekki til umhverfisáhrifa sem geta orðið við borverk og framkvæmdir þeim tengdum, s.s. hljóðmengun, mengun á grunnvatni, mengun vegna olíuleka, mengun vegna borsvarfs o.s.frv.

Í úrskurði ÚUA nr. 55/2023 um rannsóknarboranir í Þormóðsdal var niðurstaða nefndarinnar að rannsóknarborun vegna jarðefnarannsóknar væri ekki starfsleyfisskyld: *Með hliðsjón af því að skylda til öflunar starfsleyfis skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 er bundin við starfsemi sem telst til atvinnureksturs og að teknu tilliti til þess að rannsóknarleyfi Orkustofnunar, sem er til grundvallar starfsemi kæranda, heimilar ekki atvinnurekstur heldur takmarkaða og tímabundna rannsóknarstarfsemi, sem afmörkuð er sem slík í lögum, verður að álíta að áformaðar jarðboranir falli utan gildissviðs 6. gr. laga nr. 7/1998 og því beri að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.*

Samkvæmt þessum úrskurði eru boranir sem eru gerðar í samræmi við rannsóknaráætlun í rannsóknarleyfi ekki starfsleyfisskyldar. Djúpbörðun getur verið tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sbr. tl. 2.04 í viðauka I við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Fyrri málið varðar boranir á háhitasvæði í Meitlum, sem falla undir tl. 2.04. Þær voru tilkynntar til Skipulagsstofnunar og voru ekki metnar matsskyldar, sbr. mál nr. 202301150. Orkustofnun gaf út rannsóknarleyfi á svæðinu árið 2024 (leyfisnúmer OS-2024-L011-01). Í fylgibréfi við leyfið er bent á að í rannsóknarleyfi felst ekki heimild til borana, heldur þarf leyfishafi að afla sér tilskilinna leyfa og hlíta þeim lögum sem eiga við um einstaka framkvæmdir. Djúpboranir eru tilkynningarskyldar samkvæmt tl. 2.04 í 1. viðauka við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Þá er bent á að jarðhitaboranir eru starfsleyfis skyldar skv. 3. tl. 10 gr. viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 (og 55. lið viðauka IV. laga nr. 7/1998).

Seinna málið varðar borholu vegna rannsóknar á jarðlögum og grunnvatni fyrir nýtt vatnsból á Hafnarsandi um 3 km vestan við Þorlákshöfn. Ekki hefur verið gefið út rannsóknarleyfi á þessu svæði en borverkið var tilkynnt Orkustofnun, sbr. samskipti við framkvæmdaraðila, og slík borun fellur ekki undir tl. 2.04, nema hún sé boruð vegna nýtingar á yfir 70 l/s af vatni.

Í báðum tilfellum er um að ræða umfangsmeiri borverk sem eru annars eðlis en þau sem um var að ræða í Þormóðsdal, borholurnar eru dýpri og víðari og þörf á stærri bortækjum. Ef markmiðið er að uppfylla skilyrði laga og reglugerða um mengunarvarnir þarf að líta til umfangs borverkanna, hversu stórt bortækið er og hversu miklar líkur séu á umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna mengunar frá olíu, borsvarfi, hljóðmengun o.s.frv. Þá er ljóst að þau hljóti að teljast starfsleyfis skyld, jafnvel þó að í gildi sé rannsóknarleyfi. Eins og áður var rakið eru rannsóknarleyfi gefin út á grundvelli auðlindalaga, og sjónarmið laga um hollustuhætti nr. 7/1998 eru ekki höfn til hliðsjónar við málsmeðferð þar sem gert er ráð fyrir að sótt sé um starfsleyfi vegna jarðborana og annarra framkvæmda.

Hvert borverk hlýtur að teljast einstök framkvæmd enda geta aðstæður hverju sinni verið ólíkar vegna staðsetningar og umfangs borverksins. Taka skal fram að rannsóknarholur eru oft grennri en holur boraðar til nýtingar en þó ekki alltaf. Stundum eru rannsóknarholur seinna nýttar þegar rekstur fer í gang. Því getur hola sem boruð er í rannsóknartilgangi síðar verið nýtt og þá jafnvel fallið undir tl. 2.04. Til að mynda getur rannsóknarhola á háhitasvæði verið töluvert umfangsmeiri en nýtingarhola vegna neysluvatns, og því erfitt að skilgreina mögulega umhverfisáhrif út frá tilgangi borunar.

Þá er landeiganda heimilt að stunda rannsóknir á sínu landi án leyfis frá Umhverfis- og orkustofnun, sbr. 2. mgr. 4. gr. auðlindalaga og því er ekki alltaf gefið út rannsóknarleyfi fyrir auðlindarannsóknir. Tilvist rannsóknarleyfis er því ekki góður mælikvarði á það hvort rannsóknir fari fram á tilteknu svæði.

Bestu kveðjur, Best regards

Hlín Gísladóttir
Lögræðingur, Lawyer
Teymi leyfa og umsagna, Team of Permits and Review
Skrifstofa forstjóra / CEO's office
Umhverfis- og orkustofnun, Environment and Energy Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: <https://www.ust.is>

DISCLAIMER / FYRIRVARI: <https://www.ust.is/disclaimer>

From: Hlín Gísladóttir - UOS

Sent: mánudagur, 27. janúar 2025 11:39

To: Stella Hrönn Jóhannsdóttir <stella@hsl.is>

Cc: María Guðmundsdóttir - UOS <maria.gudmundsdottir@uos.is>

Subject: FW: Rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis og möguleg starfsleyfis skylda

Sæl,

Sigurjón þurfti að hætta skyndilega hjá okkur og við höfum ekki komist í að svara fyrirspurninni en þetta er á lista hjá okkur yfir mál sem þarf að svara en reynum að gera það sem allra fyrst.

Bestu kveðjur, Best regards

Hlín Gísladóttir

Lögfræðingur, Lawyer
Teymi leyfa og umsagna, Team of Permits and Review
Skrifstofa forstjóra / CEO's office
Umhverfis- og orkustofnun, Environment and Energy Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: <https://www.ust.is>

DISCLAIMER / FYRIRVARI: <https://www.ust.is/disclaimer>

From: Stella Hrönn Jóhannsdóttir <stella@hsl.is>
Sent: fimmtudagur, 23. janúar 2025 15:35
To: Umhverfis- og orkustofnun - UOS <uos@uos.is>
Subject: RE: Rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis og möguleg starfsleyfis skylda

You don't often get email from stella@hsl.is. [Learn why this is important](#)

Góðan daginn.

Ítreka neðangreint erindi.

Mbk,
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Stella Hrönn Jóhannsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stilaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

From: Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Sent: 12.12.2024 10:10:00
To: os@os.is
Subject: Rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis og möguleg starfsleyfis skylda

Góðan daginn.

ON power fyrirhugar rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis í norðan verðum Meitlum á Hengilssvæðinu á næsta ári, sjá rauðu hringina tvo á meðfylgjandi mynd, en á henni má sjá að annað borsvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Uppi er nokkur óvissa um hvort og þá hvenær jarðboranir í rannsóknarskyni eru starfsleyfis skyldar hjá heilbrigðisnefnd skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í ljósi úrskurðar UUA nr. 55/2023 Þormóðsdalur. Þar kemst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að jarðborun í Þormóðsdal sé ekki starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd þar Orkustofnun hafi gefið út rannsóknarleyfi fyrir verkefninu og rannsóknarleyfi heimili ekki atvinnurekstur. Jafnframt gilda lög nr. 7/1998 ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á vörum og vinnsluferlum sem falla undir viðauka I og vara skemur en þrjú ár, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna, en ofangreint rannsóknarleyfi Orkustofnunar í

Þormóðsdal var upphaflega gefið út árið 2004 og hefur verið framlengt fimm sinnum, síðast árið 2023, og því ljóst að rannsóknarstarfsemin þar hefur staðið lengur en í þrjú ár.

Umhverfisstofnun beindi því til HSL að hafa samráð við Orkustofnun um það hvenær um sé að ræða rannsókn og hvenær rekstur þegar kemur að jarðborun, þar sem ekki væri hægt að setja eina línu hvað það varðar og því þurfi það að vera háð mati hverju sinni.

Því óskar HSL eftir áliti Orkustofnunar á því hvort rannsóknarboranir innan nýtingarleyfis í norðan verðum Meitlum á Hengilssvæðinu séu rannsóknarstarfsemi eða atvinnurekstur sem er starfsleyfis skyldur hjá heilbrigðisnefnd.

Mbk,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Stella Hrönn Jóhannsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Please consider the environment before printing.

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.